

Ár 1990, miðvikudaginn 24. janúar, var í málínu nr. 8/1989 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þessir í stuttu máli: Þann 22. ágúst 1989 sendi Utanríkisráðuneytið (varnarmálaskrifstofa) Fasteignamat ríkisins svohljóðandi bréf: "Hjálagt sendist yður ljósrit af innheimtu – tilkynningu frá Gjaldheimtu Suðurnesja fyrir fasteignagjöldum af Stapafelli (9999 - 7700) og bréfi varnarmálaskrifstofunnar þar að lútandi dags. 2. febrúar 1989; en samkvæmt athugun yðar kom í ljós, að ekkert fasteignamat var til yfir eignina.

Þess er óskað, að Fasteignamat ríkisins kanni gjaldskyldu í máli þessu og jafnframt hvernig fasteignamatið er ákveðið.

Æskilegt er að málínu verði hraðað eftir föngum."

Fram kemur í innheimtutilkynningunní, sem getið er hér að framan, að hinn álagði fasteignaskattur er kr. 133.450.- auk dráttarvaxta og kostnaðar fram til 8/8 1989 kr. 19.530.- eða samtals kr. 152.980.-.

Með bréfi dags. 25/8 1989 sendi Fasteignamat ríkisins Yfirlasteignamatsnefnd framangreint mál til úrlausnar.

Þann 27. desember 1989 barst Yfirlasteignamatsnefnd greinargerð lögmanns Hafnarhrepps dags. 21/12 1989, ásamt álitsgerð og útreikningum Verkfraðistofu Suðurnesja h.f. um efnistöku við Stapafell og Súlur innan marka Hafnarhrepps, dags. 15/11 1989, og fleiri gögn.

I greinargerð sinni fer lögmaður Hafnarhrepps framá það við Yfirlasteignamatsnefnd "að hún endurmeti, svo fljótt sem verða má ofangreindar landareignir innan marka Hafnarhrepps" o.s.frv..

Ekkert fasteignamat er til á þeim eignum, sem óskað er mats á, en þær eru skv. greinargerðinni landargeignirnar Súlur og Stapafell

innan marka Hafnarhrepps.

Um skráningu og mat fasteigna gilda lög nr. 94/1976. Í 1. mgr. 9. gr. segir m.a.: "Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Fasteignamati ríkisins berist upplýsingar um lönd og löðir...." o.s.frv.. Sjá hér enn fremur 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 23. gr. framangreindra laga:


Í reglugerð nr. 391/1980 segir, en hún er breyting á 13. gr. reglugerðar nr. 320/1972: "Leggja skal fasteignaskatt á þær eignir, sem metnar eru fasteignamati 1. janúar á gjaldárinu og skal skatturinn miðast við fasteignamatsverð eignarínnar á þeim tíma. Þó skal heimilt að leggja skatt á fasteignir, sem rétt var að taka í fasteignamat í ársþyrjun, en láðst hefur af einhverjum ástæðum, enda hafi fasteignamat og álagning skattsins farið fram eigi síðar en 1. ágúst á gjaldárinu."

Fasteignamat og álagning fasteignaskatts skv. því, lá ekki fyrir þann 1. ágúst 1989 og er því ekki heimilt að innheimta fasteignaskatt af framangreindum eignum árið 1989.

Með hliðsjón af framanrituðu ber að vísa kröfu lögmanns Hafnarhrepps um að Yfirlasteignamatsnefnd framkvæmi fasteignamat á framanskráðum eignum til Fasteignamats ríkisins á þessu stigi málsins.

ÚRSKURÐARORÐ:

Ríkissjóði er ekki skyld að svara Hafnarhreppi álögðum fasteignaskatti af Stapafelli (9999 - 7700) fyrir árið 1989. Þeirri kröfu lögmanns Hafnarhrepps, að taka framangreindar eignir í fasteignamat vísast til Fasteignamats ríkisins, á þessu stigi málsins.


Guðmundur Magnússon


Pétur Stefánsson


Árni Stefánsson